

Mánudaginn 7. nóvember 1966.

Nr. 82/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurði Gunnarssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Martin Tómasson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 11. febrúar 1966 og markað á sjóupprætti staði varðskipsins og v/b Eyjabergs, VE 130, eftir þeim mælingum. Í álitserð skólastjórans, dagsettri 4. júlí 1966, segir m. a. svo:

„A = staður varðskipsins klukkan 1133 h. 11/2 '66. Þá mælist báturinn á stað a um 4.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

B = staður varðskipsins kl. 1139. Þá mælist báturinn á stað b um 4.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1146. Þá mælist báturinn á stað c um 4.15 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1203. Þá mælist báturinn á stað d um 3.8 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt þessum útsetningum reiknast mér, að báturinn hafi færzt milli mælistaða a og b með 6.0 sml. hraða, milli b og c með um 2.5 sml. hraða og milli c og d með um 2.3 sml. hraða. Er þá miðað við beina og jafna siglingu milli mælistaða.

Samkvæmt mælingum varðskipsmanna hefur báturinn færzt vestur með landinu á þessu tímabili.

Í annað sjókort nr. 30a hef ég sett út staðarákvarðanir

varðskipsins, ef reiknað er með 2% fjarlægðarskekkju og 0°65 miðunarskekkju bátnum í hag. Er þar miðað við þá ónákvæmni í fjarlægð og miðun, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna.

Samkvæmt því mælast staðir bátsins þannig:

a₁ kl. 1133 um 4.0 sml. innan fiskveiðimarkanna.

b₁ — 1139 — 3.85 — — —

c₁ — 1146 — 3.9 — — —

d₁ — 1203 — 3.7 — — —

“

Ákærði svo og skipverjar hans, sem eigi vildu staðfesta vætti sín með eiði eða drengskaparheiti, bera, að bátnum hafi verið siglt í austurátt, en samkvæmt álitserð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra fær þessi framburður þeirra ekki staðizt, því að í henni segir, að eftir mælingum varðskipsmanna, sem ákærði hefur ekki mótmælt, hafi báturinn færzt vestur með landinu með um 6.0 sml. hraða milli staða a og b, 2.5 sml. hraða milli staða b og c og 2.3 sml. hraða milli staða c og d.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og eins og gögnum málsins að öðru leyti er háttað, verður með skírskotun til forsendna héraðsdóms að telja sannað, að bátur ákærða, Eyjaberg, VE 130, hafi verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir. Ákveðst refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlakrónum, kr. 25.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skal andvirði afla v/b Eyjabergs, VE 130, kr. 34.946.30, vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, fórst v/b Eyjaberg, VE 130, með öllum veiðarfærum hinn 7. marz 1966. Verða veiðarfæri því eigi gerð upptæk, enda hefur verið fallið frá þeirri kröfu af hálfu ákæruvalds.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, greiði kr. 25.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Andvirði afla v/b Eyjabergs, VE 130, kr. 34.946.30, skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 23. febr. 1966, á hendur skipstjóranum á Eyjabergi, VE 130, Sigurði Gunnarssyni, Brimhólabraut 33 í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87, 1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70, 1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3, 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44, 1948 og lög nr. 33, 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5, 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6, 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Eyjabergi, VE 130, um hádegi föstudaginn 11. febrúar 1966 út af Alviðruhömr-um innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin

í 1. gr. reglugerðar nr. 70, 1958, sbr. 3. gr. reglugerðar nr 3, 1961.

Ákæríst því nefndur Sigurður Gunnarsson til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87, 1958, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70, 1958, sbr. nú 7. gr. reglugerðar nr. 3, 1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44, 1948 og 1. gr. laga nr. 81, 1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5, 1920 og 1. gr. laga nr. 5, 1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds vélbáts og til greiðslu alls kostnaðar.“

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, er fæddur á Flatey á Skjálfa-
anda 27. sept. 1928 og hefur sætt kærur og refsingum, sem
hér segir:

1964 29/10 í Vestm.: Dómur: 20.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar
togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.
Afli og veiðarfæri m/b Eyjabergs, VE 130,
gerð upptæk. Hinn 14. apríl 1965 veitti
forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er
varðar dóminn uppkv. 29. 10. 1964.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum
á v/s Óðni, dags. 11. febr. s.l., segir á þessa leið:

„Föstudaginn 11. febrúar 1966, þegar varðskipið var á V-leið
út af Meðallandsfjörum og Alviðruhömrum, tók það m/b
Eyjaberg, VE 130, skipstjóri Sigurður Gunnarsson, f. 27/9
1928, til heimilis Vestmannaeyjum, fyrir meint fiskveiðibrot
út af Alviðruhömrum. Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 11. febrúar kl. 1133 sást bátur í ratsjá varð-
sypsins, og var þá eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

- | | |
|------------------------------------|--------------------------|
| 1. Bátur r/v 250°, fjarl. 8.5 sml. | |
| Alviðruhamraviti | — 9.2 — |
| Skarðsfjörurviti | — 3.2 — (J. J. og H. H.) |

Gefur það stað bátsins um 4.0 sml. innan 6 sml. fiskveiði-
markanna.

Kl. 1139 var gerð eftirfarndi staðarákvörðun:

- | | |
|--------------------------------------|------------------------|
| 2. Bátur í r/v 253°, fjarl. 7.1 sml. | |
| Alviðruhamraviti | — 7.5 — |
| Skarðsfjörurviti | — 4.4 — (J. J. H. H.) |

og gefur það stað bátsins um 4.0 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1146 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

3. Bátur í r/v 257°, fjarl. 5.6 sml.

Alviðruhamraviti, fjarl. 6.0 sml.

Skarðsfjöruviti, fjarl. 5.9 sml. (H. H., G. P. og F. O.)

Gefur það stað bátsins um 3.6 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1200 sjást hlerar í gálgum og menn vera að taka inn netið á stb.síðunni, og snýr báturinn þá upp að landinu.

Kl. 1203 setur báturinn á ferð, beygir í bb. og heldur til hafs. (J. J., H. H. og G. P. og F. O.)

Kl. 1200 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

4. Bátur í r/v 258°, fjarl. 1.0 sml.

Alviðruhamraviti — 3.1 —

Arnardrangur — 12.5 —

Gefur það stað bátsins um 3.6 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1206 var haft talstöðvarsamband við bátinn og honum sagt að stöðva, sem og hann gerði.

Kl. 1330 var skipstjóri bátsins tekinn um borð í varðskipið til viðræðna.

Aðspurður sagðist hann neita að hafa verið að toga á þessum slóðum, en viðurkenna að hafa verið með hlerana úti og netið á síðunni. Segist hann síðast hafa híft inn vörpuna kl. 1000 og verið þá staddur út af Víkinni og eftir það hafa keyrt stanzlaust A-með landi, með um 8 sml. ferð, þar til varðskipið kom að honum. Viðurkennir hann að hafa snúið stb.-hlið bátsins að varðskipinu, en snúið síðan til bb., þegar varðskipið nálgast.

Kl. 1344 voru stýrimaður og vélstjóri bátsins teknir um borð í varðskipið til viðræðna.

Stýrimaðurinn, Sigurður Viktorsson, til heimilis Aðalbóli, Vestmannaeyjum, sagði, að þeir hefðu ekki verið að toga á þessum slóðum og að þeir hefðu síðast híft inn vörpuna á Víkinni, en ekki vita, hvað klukkan var þá. Fullyrti hann, að síðan hafi verið keyrt stanzlaust í A-átt. Var hann spurður

að, hvort þeir hefðu stöðvað, og sagði hann þá, að aðeins hefði verið slegið af. Aðspurður segir stýrimaðurinn, að enginn fiskur hafi verið í síðasta hali.

Vélstjórinn, Vignir Sigurðsson, Miðstræti, Vestmannaeyjum, segir, að þeir hafi ekki verið að veiðum á þessum slóðum, en híft upp síðast á Víkinni um kl. 1000 og farið þá að keyra hingað austur og stoppað þar. Aðspurður segir vélstjórinn, að lítill fiskur hafi verið í síðasta hali, ca. slatti í kassa. Að lokum bætir vélstjórinn því við, að hann geti ekkert fullyrt, hvað klukkan hafi verið, þegar þeir hífðu upp né hvar þeir voru þá, því hann þekki ekkert til miða.

Var skipstjóranum tikynnt, að hann skyldi halda beint til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar.

Veður: Hægviðri, sjór breytilegur 3 og hálfskýjað“.

Skipherrann á varðskipinu Óðni, Jón Jónsson, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri hún sönn og rétt. Hann tók fram, að um tólfleytið umrætt sinn hefði hann séð í kík, að net var á stjórnborðssíðu bátsins, og sá hann, að menn voru að taka það inn, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hve margir þeir voru né hvernig þeir voru klæddir. Á að gizka voru þá 2 sjómílur milli bátsins og varðsupsins. Hann sá skipverja ekki taka inn hlerana, en tók fram, að þeir hefðu getað tekið þá inn, um leið og þeir sneru út um og beygðu í bakborða. Skipherrann staðfesti framburð sinn með eiði.

Fyrsti stýrimaður varðsupsins, Helgi Hallvarðsson, mætti einnig fyrir sakadómi. Hann kvað skýrsluna rétta, eftir því sem hann bezt vissi. Hann sagði, að sér hefði virzt kl. 1200, að netið lægi utan á síðu bátsins, þannig að pokinn væri kominn inn. Hann sá, að einhverjir voru staddir við borðstokkinn stjórnborðsmegin og voru að innbyrða netið. Hann sá ekki, að híft væri upp í reisu á skipinu. Stýrimaðurinn vann eið að framburði sínum.

Annar stýrimaður, Peter Guðjón Petersen, mætti einnig fyrir sakadómi og kvað skýrsluna rétta. Hann sagði, að fyrsti stýrimaður hefði bent honum á, að netið væri á síðunni, og kvaðst hann þá hafa brugðið sjónaukanum á og taldi sig einnig hafa séð netið á síðunni. Ekki veitti hann því athygil, að híft væri upp í reisu. Ekki veitti hann því athygli, hvort menn væru að vinna við netið, því að athygli hans beindist eingöngu að netinu

sjálfu. Hann kvaðst hafa farið um borð í bátinn um kl. 1330. Enginn fiskur, sem heitið geti, var á þilfari, aðeins eitthvað af flatfiski í stíu fyrir framan brúna. Hann athugaði hlerana, og voru þeir fægðir að neðan, en þó var aðeins byrjað að koma ryðslikja á þá. Hann athugaði pokann og sá þar ánetjaða loðnu og eina ýsu. Hann sá engan lifandi fisk um borð. Vírar voru fægðir frá tromlum að gálga. Gálgarúllan var ekki fægð, en þó var ekkert ryð á henni. Stýrimaðurinn vann eið að framburði sínum.

Fyrir sakadómi var framburður ákærða á sömu lund og þegar hann mætti fyrir varðskipsmönnum. Hann kvaðst ekki hafa verið að toga, er varðskipið nálgadist. Síðast hefði hann togað á Víkinni og híft einhvern tíma á tíunda tímanum, að hann hélt. Síðan keyrði hann austur á bóginn og var með hlera á síðu og netið á síðunni. Er þeir sáu varðskipið nálgast, fóru þeir að innbyrða hlerana til þess að reyna að sleppa við hlerasekt og hreyfðu þá bátinn á þá leið, sem í skýrslu varðskipsins segir. Staðar-ákvörðunum varðskipsmanna kvaðst hann ekki mótmæla.

Sigurður Viktorsson, stýrimaður á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður um eftirmiðdaginn á miðvikudag. Héldu þeir austur og köstuðu á Víkinni. Þar voru þeir allan fimmtudaginn og köstuðu þar nokkrum sinnum, en fiskuðu lítið. Þeir voru að aðfaranótt föstudagsins á sömu slóðum. Á föstudagsmorgni, einhvern tíma milli 9 og 10 á að gizka, héldu þeir austur á bóginn. Sigldu þeir síðan stanzlaust austur undir Alviðru, og þar var ferðin minnkuð, en haldið síðan áfram austur á bóginn. Annars tók hann ekki vandlega eftir stefnunni, enda var hann að vinna á þilfari. Hlerar voru á síðunni, en netið var inni í bátnum. Allt í einu vakti einhver athygli þeirra á, að varðskip væri í nánd. Voru þeim þá gefin fyrirmæli um að taka inn hlerana. Var það gert. Síðan kom varðskipið að þeim. Hann sagði, að þeir hefðu ekki kastað á þessum slóðum, er varðskipið kom til þeirra, og höfðu þeir ekki kastað, eftir að þeir sigldu frá Víkinni. Hann sagði, að trollið hefði verið allt inni á þilfari, en lá úti í síðunni stjórnborðsmegin. Vitnið kvaðst alls ekki vinna eið að framburði sínum og ekki ynni það heldur drengskaparheit.

Guðmundur Vignir Sigurðsson, fyrsti vélstjóri á v/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag. Þeir fiskuðu á Víkinni allan fimmtudaginn og fengu lítið. Um kl. 1000 á föstudag fóru þeir þaðan og héldu austur á bóginn. Er varðskipið kom

að þeim, kvaðst hann hafa verið niðri í vélarrúmi og búinn að vera þar góða stund. Skömmu áður en varðskipið kom, stoppuðu þeir aðeins, en út af hverju vissi hann ekki. Þeir voru með hlera utanborðs á siglingunni austur, en hann hélt, að netið hefði verið fyrir innan, og við nánari íhugun kvað hann, að svo hefði verið. Hlerarnir voru teknir upp, rétt áður en varðskipið kom, og var hann þá viðstaddur. Han fullyrti, að þeir hefðu ekki kastað þarna austur frá í umrætt sinn. Þegar híft var upp síðast, voru þeir einhvers staðar á Víkinni. Hann kvaðst ekki staðfesta framburð sinn með eiði, en þó teldi hann framburðinn réttan.

Helgi Eigilsson, annar vélstjóri á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður eftir hádegi á miðvikudaginn og haldið austur. Þeir toguðu á Víkinni, en afli var tregur. Þaðan fóru þeir á föstudagsmorgni austur á bóginn. Þeir voru með hlera á síðu og trollið á þilfari, og hélt hann, að netið hefði ekki legið úti á síðunni. Þeir héldu áfram, þar til þeir voru stöðvaðir af varðskipi. Einhverjir bátar voru þar nærri, en ekki veitti hann þeim sérstaka athygli. Hann sagði, að þeir hefðu ekki kastað þarna austur frá. Hann vildi ekki vinna eið að framburði sínum.

Ragnar Jóhannesson, matsveinn á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag og togað á Víkinni, en fengið lítið. Þaðan fóru þeir um 10 leytið á föstudagsmorgni og héldu austur. Hann kvaðst hafa verið niðri í lúkar að matreiða fyrir hádegis. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að kastað væri, eftir að þeir sigldu frá Víkinni. En þar sem hann var niðri, kvaðst hann sama og ekkert vita um, hvað gerðist á þilfari fyrir hádegis. Hann kvaðst ekki vita gerla, hvernig gengið var frá veiðarfærum á siglingunni austur. Hann kvaðst ekki vilja vinna eið að framburði sínum.

Hreinn Jónsson, háseti á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag og togað á Víkinni. Þaðan fóru þeir um 10 leytið á föstudagsmorgni og héldu austur á bóginn. Um hádegis hægðu þeir hjá bátum, sem voru ekki langt undan landi. Ekki aðgætti hann, hvað bátar þessir voru að gera. Hlerar voru á síðu á siglingunni austur, en trollið var inni. Þegar hægt var á, var þeim sagt að taka hlerana inn, og var það gert. Ekki vissi hann, hvers vegna þeim var sagt að gera þetta. Síðan kom varðskipið að þeim. Aldrei var kastað, eftir að þeir fóru frá Víkinni. Hann kvaðst ekki vilja vinna eið að framburði sínum.

Sæmundur Árnason, háseti á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag, togað á Víkinni og fiskað illa. Um 10 leytið á föstudagsmorgni fóru þeir þaðan og héldu austur. Fór hann þá í koju og sofnaði. Hann var í koju, er varðskipið kom að þeim. Hann varð þess ekki var, að kastað væri þarna austur frá. Þegar hann fór í koju, voru hlerar á síðu, en trollið á þilfari.

Eins og framanritað ber með sér, kveðast varðskipsmenn hafa séð net á síðu bátsins, er þeir sigldu í áttina til hans. Tveir þeirra, skipherrann og fyrsti stýrimaður, sáu einnig, að verið var að taka netið inn fyrir. Hafa þeir staðfest þennan framburð með eiði. Gagnstæðar staðhæfingar ákærða og framburðir skipverja hans, sem ekki vildu staðfesta framburði sína með eiði, hnekkja þessu ekki, og verða því framburðir varðskipsmanna lagðir til grundvallar. Af því leiðir, að gengið verður út frá, að veiðarfæri hafi verið látin í sjó á umræddum slóðum og í því augnamiði að hefja togveiðar, en þar með var fiskveiðibrot fullframið. Þykir því bera að líta svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru og unn-ið til refsingar samkv. þeim.

M/b Eyjaberg, VE 130, strandaði á Faxaskeri 7. marz 1966 og fórst þar með öllum veiðarfærum. Báturinn var að stærð 103.53 rúmlestir brúttó.

Samkv. síðustu opinberum skýrslum um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 1.951.09 seðlacrónum.

Samkv. þessu og með tilvísun til tilvitnaðra lagaákvæða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 í sekt til Landheglissjóðs Íslands, sem ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli um borð í m/b Eyjabergi, VE 130, er gerður upp-tækur, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 3.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli um borð í m/b Eyjabergi, VE 130, er gerður upptækur, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 33/1965. **Ragnar Þórðarson & Co. h/f**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
og gagnsök**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Skattalög. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 5. apríl 1965 og áfrýjað málinu með stefnu 26. s. m. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fégeta að framkvæma lögtak til tryggingar sköttum aðaláfrýjanda frá árinu 1960, kr. 68.087.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. marz 1961 til greiðsludags, eftirstöðvum af sköttum aðaláfrýjanda frá árinu 1961, kr. 25.249.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kostnaði við lögtak og uppboð, ef til þess